

ENDURRIT ÚR DÓMABÓK DÓMSTÓLS HSÍ

Ár 2014, mánudaginn 11. febrúar, er tekið fyrir af dómstól Handknattleikssambands Íslands kærumál nr. 3/2013

Íþróttafélagið Hamrarnir gegn hkd. Fjölnis vegna meints brots á reglugerð HSÍ um handknattleiksmót.

Mál þetta dæmir Vala Valtýsdóttir.

Máli þessu var vísað til dómstólsins með dómi áfrýjunardómstóls HSÍ dags. 19. desember 2013 til úrskurðar að nýju. Málið fékk nýtt númer og er númer 3/2013. Í forsendum niðurstöðu áfrýjunardómstólsins segir:

Að öllu framansögðu virtu er það niðurstaða dómsins að ómerkja veri hinn áfrýjaða úrskurð og vísa máli þessu aftur til dómstóls HSÍ svo taka megí skýrslur af starfsmönnum við framkvæmd leiksins í því skyni að reyna að upplýsa hvort merki hafi verið gefið áður en mark var skorað eða ekki.

Íþróttafélagið Hamrarnir („ÍPH“) hkd. Fjölnis („HF“) kærði framkvæmd leiks félaganna í meistaraflokki karla, dags. 8. nóvember sl., og krafðist þess að leikurinn skyldi endurtekinn.

Málsatvik eru þau að undir lok leiksins þann 8. nóvember s.l., í stöðunni 25-24, tók ÍPH leikhlé en þá sýndi leikklukkan tímann 29:16. Óumdeilt er að 44 sekúndur voru til leiksloka. Þegar leikhléi var lokið fór leikklukka ekki í gang en dómaraflautuðu leikinn á. Um leið og tímavörður uppgötvaði að leikklukka hafi ekki farið í gang reyndi tímavörður að stöðva leikinn en leikklukka reyndist biluð. Ritari greip þá til handflautu. Dómaraflautu ekki í flautunni fyrr en um það leyti sem leikmaður ÍPH hafði lagt upp 25 mark liðsins .

Dómaraflautu voru Bóas Börkur Bóasson (BB) og Hörður Aðalsteinsson (HA) og lýsa þeir atvikinu þannig í agaskýrslu:

*á 59.16 tekur lið Hamranna leikhlé, þeir eru marki undir, 25-24. Þegar flautað er til leiks aftur og eftir sirka 25 sekúndna sókn Hamra, skora þeir mark **en í sömu andrá er flautað frá ritaraborði**, klukkan fór aldrei af stað eftir leikhlé og tímavörður tók ekki eftir því fyrr en þarna þegar markið var skorað, þá voru sirka 20 sek eftir að okkar mati.*

Í vitnaskýrslu BB 20. janúar sl. kemur fram að hann telji að boltinn hafi ekki verið í markinu þegar flautað var frá tímavarðaborði. Í vitnaskýrslu HA sem var innri dómari í leiknum kemur fram að boltinn hafi ekki verið í markinu þegar flautað var og segir að atvikið hafi verið rangt orðað í agaskýrslu. Báðir dómarar bera vitni um að ekki hafi verið skeiðklukka á tímavarðaborði og HA telur að það hefði skipt máli við framkvæmd leiksins en þetta sé ekki kannað sérstaklega nema ef að um eftirlitsdómara sé að ræða. Innri dómari sagði einnig í vitnaskýrslu að leikmaður hafi verið klárlega sviptur færi og einnig „Við tókum ranga ákvörðun.“

Dómarar ákváðu að dæma markið af og hefja leik að nýju frá því að leikhlé var tekið og var ekki skorað mark það sem eftir lifði leiks. Úrslit leiksins urðu 25-24 HF í vil.

Vegna óljósra atvikalýsingar óskaði dómstóllinn eftir frekari greinargerð dómara um atvikið og þar segir m.a.:

Boltinn var ekki kominn í markið þegar flautið heyrðist frá ritaraborðinu. Leikurinn var stöðvaður, ekki tókst að ræsa klukkuna, hún var frosin. Var þá klukkan endurræst og stillt á 44 sek til að ganga niður í 0. Markið var ekki dæmt, innri dómari er fullviss um að boltinn var ekki kominn í markið. Leikurinn var svo flautaður á og þessar 44 sek kláraðar, Hamrarnir náðu ekki að skora í sinni sókn og leiknum lauk með skráðri markatölu 25-24 fyrir Fjölni.

Í vitnaskýrslu ritara leiksins, Arnar Arnarssonar, kemur fram að hann telji að bolti hafi ekki verið í marki þegar flautað var. Enn fremur kemur fram hjá honum að tímaverði hafi ekki tekist að stoppa leik og hann hafi áttað sig á því að leikklukka hafði frosið og því flautað sjálfur. Í vitnaskýrslu tímavarðar leiksins, Ara Brynjarssonar, kemur fram að þegar hann áttaði sig á því að klukkan hafi ekki farið í gang (um 10 sekúndur) þá hafi hann ýtt á klukkuna en ekkert gerst. Þá hafi hann látið ritara vita sem flautaði í sömu andrá og ÍPH komst í skotfæri en boltinn ekki verið kominn í markið. Bæði ritari og tímavörður vitnuðu um það að skeiðklukka hefði ekki verið á tímavarðaborði.

Ágreiningur aðila stendur um hvort þessi framkvæmd sé í samræmi við reglugerð HSÍ um handknattleiksmót og hvort úrslit leiksins eigi að standa eða ekki.

Í greinargerð ÍPH segir m.a.:

„Hamrarnir kæra framkvæmd leiksins og óska eftir því að hann verði leikinn aftur. Um augljós mistök var að ræða að hálfu Fjölnismanna sem sáu um framkvæmd leiksins að mati kæranda. Það var hagur þeirra að klukkan skyldi ekki vera sett af stað í síðustu sókn leiksins og að endurtaka þyrfti sóknina.

Hamrarnir tóku leikhlé þegar 44 sekúndur voru eftir, og klukkan sýndi því 29.16.

Skýrt er tekið fram í lögum HSÍ að skeiðklukka og flauta skuli notuð við framkvæmd leikja og hefði það komið í veg fyrir mistökin í leiknum. Hefði skeiðklukka verið samræmd leikkluðkunni hefði sá tími gilt og markið látið standa. Því hefði staðan verið 25-25 og hægt hefði verið að samræma skeiðklukku tímavarðar og leikkluðku vallarins eftir því hvað skeiðklukka tímavarðar sýndi. Þar sem Fjölhnir vann leikinn hafði atvikið augljós áhrif á úrslit leiksins að mati kæranda.

Ekkert flaut barst frá ritaraborðinu til að stöðva leikinn en ef það hefði borist hefði það heyrst vel inn á völinn enda innan við 100 áhorfendur á leiknum, auk þess sem bekkir liðanna eru við hlið ritaraborðsins.“

Í greinargerð HF segir:

„Samkvæmt öllum vitnisburði starfsmanna leiksins og þjálfara Fjölnis þá er gefið merki frá ritaraborði áður en leikmaður Hamranna skorar. Samkvæmt Athugasemd við grein 2:9 í Leikreglum HSÍ „... eru allar aðgerðir á vellinum, eftir flautumerkið, ómerkar.“ Samkvæmt grein 2:8 málsgrein 1 undirlið c) sem er „Skylt er að stöðva leiktíma þegar: c) ef tímavörður eða eftirlitsmaður flautar;“, er óumdeilanlegt að markið, sem Hamrarnir skora, er ógilt.

Fjölhnir vill einnig benda á dómafordæmi úr dómi 2/2010 (sem áfram vísar í dóm 1/2008) þar sem skýrt kemur fram að starfsmenn á ritaraborði eru aðstoðarmenn dómara sem bera fulla ábyrgð á eftirliti með öllum tíma á meðan á leik stendur.

Einnig, úr „Niðurstöðu dómsins:“ í máli 2/2010: „Samkvæmt 15. gr. reglugerðar HSÍ um dómara og eftirlitsmenn er ekki hægt að kæra eða mótmæla úrskurði dómara á leikvelli, sem byggður er á mati hans á stöðunni í hverju tilviki. Samkvæmt 1. og 2. mgr. gr. 17:11 í leikreglum HSÍ eru ákvarðanir dómara byggðar á staðreyndum eða mati þeirra endanlegar. Aðeins megi áfrýja þeim ákvörðunum sem eru ekki í samræmi við leikreglurnar.“

Niðurstaða

Niðurstaða málsins er byggð á framlögðum gögnum og skýrslum dómara, ritara og tímavarðar leiksins.

Í 1. mgr. 15 gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót segir: *Kappleikur er því aðeins gildur, að farið sé eftir lögum og reglugerðum HSÍ og ÍSÍ.*

Í Leikreglum IHF reglu 17:9 segir: *Báðir dómara bera ábyrgð á að fylgjast með leiktímanum. Ef vafi leikur á um nákvæmni tímavörslu, komast dómara að sameiginlegri niðurstöðu*

Í Leikreglum IHF reglu 2:3 segir síðan: *Leiktími hefst þegar dómari flautar frumkast. Honum lýkur með lokamerki frá leikklukka eða tímaverði. Ef ekkert slíkt merki kemur, flautar dómari til merkis um lok leiktíma.*

Í athugasemdum/skýringum við reglu 2:3 segir: *Ef leikklukka með sjálfvirku tímamerki er ekki til staðar, skal tímavörður nota borðklukka eða skeiðklukka og gefa merki um leiklok með lokamerki*

Jafnframt verður ekki annað ráðið af reglu 2:7 svo og öðrum reglum en að dómara ráði fyrst og fremst því hvenær leiktími er stöðvaður fyrir utan það þegar lokamerki er gefið í hálfleik og í leiklok (regla 18:2). Í athugasemd við grein 2:9 kemur síðan fram að: „Flautumerki frá tímaverði/eftirlitsmanni stöðvar leikinn. Jafnvel þótt dómara (og leikmenn) uppgötvu það ekki samstundis að leikurinn hefur verið stöðvaður eru allar aðgerðir á vellinum, eftir flautumerkið, ómerkar. Þetta þýðir að ef mark hefur verið skorað, eftir að flautumerkið kom frá borðinu, er það ekki gilt.“

Ágreiningur máls þessa snýst annars vegar um það hvenær flautumerki var gefið og hins vegar um framkvæmd leiksins

Í 13. gr. reglugerðar um handknattleiksmót kemur eftirfarandi fram:

Á tímavarðaborði skal vera aukaleikklukka (ummál 25 sm.), spjöld í A4 sem brotin eru í tvennt og sína hvoru megin brottvísunartíma og númer leikmanns, 3 græn kort fyrir leikhlé liða merkt með "T", skrifpappír fyrir ritara, skeiðklukka, flauta, gult kort til að taka undir áminningu dómara, rautt spjald til að taka undir útilokanir dómara og skriffæri. Auk þess ber þeim að hafa Lög og reglugerðir HSÍ til taks.

Þrátt fyrir að bæði dómara og tímaverðir séu starfsmenn við framkvæmd leiks þá er ljóst sbr. 1. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar að „Aðildarfélag HSÍ annast framkvæmd heimaleikja sinna og greiða kostnað vegna þeirra nema mótareglur kveði á um annað.“

Óumdeilt er að skeiðklukka var ekki á tímavarðaborði þótt flauta hafi verið til taks. Í vitnisburði annars dómara leiksins kom fram að ekki sé kannað sérstaklega hvort skeiðklukka sé á borði nema eftirlitsdómari sé viðstaddur.

Lýsing hins umdeilda atviks leiksins þegar leikurinn var flautaður af eftir leikhlé í agaskýrslu ber ekki að öllu leyti saman við síðari greinargerð dómara leiksins. Í agaskýrslu segir að flaut frá tímavarðaborði hafi borist í sömu andrá og IÞH hafi skorað mark en í skýrslum dómara fyrir dómi segir að boltinn hafi ekki verið komið í mark þegar leikur var flautaður af.

Vitnisburður dómara og lýsing þeirra í sérstakri greinargerð var samhljóma. Vitnaskýrslum tímavarðar og ritara ber saman við þetta.

Dómstóllinn óskaði eftir greinargerð formanns dómaranefndar um túlkun nefndarinnar á reglum um leiktíma. Í greinargerð hans kemur m.a. fram að „Biluð klukka getur aldrei verið ráðandi um leiktíma og því tel ég að ekki hafi verið rétt undir neinum kringumstæðum að hefja leik aftur miðað við að 44 sekúndur væru eftir..... Að mínu mati er hér um brot á framkvæmd leiks að ræða þar sem bæði framkvæmdaraðili, sem ekki er með aukaklukku (borðklukku eða skeiðklukku), og dómarar, sem framlengdu leikinn um 20-25 sekúndur, fylgja ekki reglum um framkvæmd.“

Það liggur fyrir að á tímavarðaborði var ekki, samfara opinberri leikklukku, skeiðklukka sem hefði komið í stað bilaðrar leikklukku og í veg fyrir að framkvæmd leiksins varð með þeim hætti sem ljóst er. Þótt ætla megi að þessu sé almennt ekki framfylgt í öllum leikjum verður ekki litið framhjá skýrum ákvæðum reglugerðar um handknattleiksmót sem og Leikreglum IHF hvað þetta varðar.

Af því sem að framan er rakið þykir ljóst að annað hvort barst flautumerkið í sömu andrá og mark var skorað eða þá að leikmaður ÍPH var kominn í upplagt markfæri og þar með var því spillt af flautumerki tímavarðar.

Vegna þessa er það mat dómstólsins að dómarar leiksins höfðu um annað tveggja að velja eftir atvikum:

- a) að láta markið standa og meta síðan tímann sem eftir var (ca 25 sekúndur skv. agaskýrslu)

eða

- b) dæma vítakast þar sem spillt hafi verið upplögðu markfæri leikmanns ÍPH og láta síðan tímann líða (ca 25 sekúndur)

Ljóst er að hvorugt var gert.

Það er mat dómsins að verulegir vankantar hafi verið við framkvæmd leiksins, sem gátu haft áhrif á úrslit hans, þ.e. skeiðklukka var ekki á staðnum og ljóst að ef svo hefði borið undir hefði ekki þurft að stöðva leikinn og er það mat dómara að þessir vankantar skiptu máli. Vegna umræddra vankanta við framkvæmd leiksins verður ekki komist hjá því að dæma leikinn ógildan, sbr. 1. mgr. 15. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót. Að framansögðu virtu er það niðurstaða dómsins að leikurinn skuli endurtekinn, sbr. 1. tölul. 45. gr. laga Handknattleikssambands Íslands.

ÚRSKURÐARORÐ:

Fallist er á kæru Íþróttafélagsins Hamrana. Leikur meistaraflokks karla milli hkd. Fjölnis og Íþróttafélagsins Hamrana, dags. 8. nóvember sl., er ógiltur og skal leikinn á ný, sbr. 1. tölul. 45. gr. laga Handknattleikssambands Íslands.

Úrskurði þessum er heimilt að skjóta til áfrýjunardómstóls HSÍ innan 3ja sólarhringa frá birtingu.

Úrskurðinn kvað upp Vala Valtýsdóttir.

sign

Vala Valtýsdóttir